

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stefnumótandi áætlun 2016-2018

Efnisyfirlit

1. Formáli
2. Almennt um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
3. Framtíðarsýn og stefna

Gildi

Hlutverk

Framtíðarsýn

Meginmarkmið

Undirmerki

Verkefni

Skylduverkefni

Önnur verkefni

1. Formáli

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varð til 1. september 2006 með sameiningu fimm stofnana á sviði íslenskra fræða: Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabókar Háskólans, Íslenskrar málstöðvar, Örnefnastofnunar Íslands og Stofnunar Sigurðar Nordals.

Sameiningunni var ætlað að styrkja faglega starfsemi einstakra stofnana, efla samstarf og rannsóknir í íslenskum fræðum og stuðla að rekstrarhagræðingu. Þó er ljóst að samlegðaráhrif eru lítil á meðan starfsemin er enn á þremur stöðum og erfitt að samnýta mannafla, þjónustu, þekkingu o.fl. Ekki er hægt að ná fram hagræðingu í rekstri fyrr en að starfsemin sameinast í Hús íslenskra fræða. Lengi hefur verið beðið eftir tryggari geymslu fyrir handritin og verður sá vandi ekki leystur fyrr en nýtt Húsið er risið. Þar verður loksins hægt að sýna handritin í sérbúnum sýningarrýmum og í lifandi tengslum við starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin geymir mikilvæg söfn um íslenska menningu og menningararfleifð, þar sem handritasafnið ber hæst en önnur merk söfn varða íslenskt mál og orðaforða, örnefni og þjóðfræði. Stofnunin hefur skyldum að gegna sem alþjóðleg miðstöð á sviði íslenskra fræða og miðlunar íslenskrar menningar.

Vinna við gerð stefnumótandi áætlunar stofnunarinnar 2016–2018 hófst á haustmánuðum 2014. Leitast var við að kalla fram sjónarmið starfsmanna og stjórnar í því skyni að móta og skilgreina gildi, hlutverk, framtíðarsýn og almennan ramma um verkefni stofnunarinnar. Vinnan hefur tekið mið af lögum og reglugerðum um stofnunina, íslenskri málstefnu og menningarstefnu stjórnvalda, stefnu Vísinda- og tækniráðs og þeirri greiningu og stefnumótun sem fram hefur farið innan stofnunarinnar á undanförunum árum.

Stefnumótandi áætlun 2016–2018 leysir af hólmi fyrri áætlun sem náði til ársins 2013. Við gerð nýrrar áætlunar var leitast við að móta framtíðarsýn í íslenskum fræðum til ársins 2018 og lögð fram aðgerðaáætlun með leiðum til að nálgast þau markmið sem þar er lýst. Ný stefnumótandi áætlun stofnunarinnar gerir ráð fyrir að öll starfsemi stofnunarinnar verði í sameiginlegu húsnæði árið 2018.

Áætlunin tekur til allrar starfsemi stofnunarinnar, bæði skylduverkefna og þess sem almennt lýtur að markmiðum og framtíðarsýn.

2. Almennt um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er alþjóðleg rannsóknarstofnun í íslenskum fræðum í nánum tengslum við Háskóla Íslands samkvæmt sérstökum samstarfssamningi. Stofnunin er mikilvæg menningarstofnun sem heldur utan um verðmætan menningararf þjóðarinnar. Sérstaða stofnunarinnar byggist á þessu tvíþætta hlutverki. Öflugt rannsóknarstarf og virkt alþjóðlegt samstarf liggur til grundvallar miðlun og þjónustu stofnunarinnar við fræðimenn og almenning. Stofnunin varðveitir verðmætt handritasafn sem er að stórum hluta fólgið í þeim handritum sem komu úr safni Árna Magnússonar (nú á varðveisluskra UNESCO) og

Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn á árunum 1971-1997. Enn fremur varðveitir stofnunin orðasöfn Orðabókar Háskólans um orðaforða og orðanotkun, örnefnasafn og hljóðritasafn sem byggð voru upp á löngum tíma á síðustu öld. Á síðari árum hefur stofnunin og forverar hennar komið upp fjölda rafrænna gagnagrunna um margvísleg verkefni og rannsóknir.

Stofnunin starfar skv. lögum og reglugerð um stofnunina. Stofnunin hefur gert árangurssamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem leitast er við að koma fastari skipan á samskipti ráðuneytisins og stofnunarinnar. Skrifað var undir nýjan samstarfssamning við Háskóla Íslands í júní 2014 en þar er m.a. kveðið á um stöðu þeirra starfsmanna sem sinna reglubundinni kennslu við Háskóla Íslands.

Fjöldi innlendra og erlendra fræðimanna sækir stofnunina heim um lengri eða skemmri tíma ár hvert, ýmist vegna eigin rannsókna eða rannsókna sem unnar eru í samstarfi við stofnunina eða Háskóla Íslands. Stofnunin tekur virkan þátt í rannsóknarsamstarfi á öllum fræðasviðum sínum og á jafnframt í samstarfi um miðlun og fræðslu til almennings og skólafólks á öllum skólastigum. Starfsmenn Miðaldastofu Háskóla Íslands hafa aðstöðu innan stofnunarinnar sem og ritstjóri Íslenskra fornrita. Auk þess hafa ýmsir sjálfstætt starfandi fræðimenn og nýdoktorar með rannsóknarstyrki aðstöðu á stofnuninni.

Stofnunin vinnur að kynningu og eflingu rannsókna á íslenskri menningu hvarvetna í heiminum og sinnir samskiptum við erlenda náms- og fræðimenn. Hún hefur m.a. umsjón með stuðningi við kennslu íslensku í erlendum háskólum og á í samstarfi við hugvísindasvið Háskóla Íslands um námskeið í íslensku og íslenskum fræðum, og um rannsóknir á íslensku sem öðru og erlendu máli.

Stofnunin hýsir marga doktorsnema og meistaranema og á formlega aðild að skipulagningu náms á meistaranámsbrautinni Medieval Icelandic Studies við Háskóla Íslands og norrænu meistaranámsbrautinni Viking and Medieval Norse Studies við Háskóla Íslands og háskólana í Osló, Árósum og Kaupmannahöfn. Stofnunin hefur gert samstarfssamninga við íslensk rannsóknarsetur, m.a. Snorrastofu, Breiðdalssetur, Gunnarsstofnun og Þórbergissetur, og á fulltrúa í stjórn þeirra stofnana.

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar, Málnefndar um íslenskt táknmál og örnefnanefndar. Stofnunin og Íslensk málnefnd hafa gert með sér skriflegt samkomulag um þjónustu stofnunarinnar við nefndina.

Viðfangsefni

Viðfangsefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru skilgreind í lögum og reglugerð um stofnunina og er þar kveðið á um að hún ræki hlutverk sitt með því að:

- a. afla frumgagna á fræðasviði sínu og varðveita þau, safna þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða og gera þessi gögn aðgengileg fyrir fræðimenn og almennig;
- b. rannsaka handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, sinna orðfræði- og nafnfræðirannsóknum og verkefnum á sviði tungutækni;
- c. stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um íðorð og nýyrði;

- d. efla samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi og taka þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis;
- e. gefa út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðafni og orða- og nafnabækur.

Stefna íslenskra stjórnvalda um stofnunina kemur að miklu leyti fram í lögum og reglugerðum. Í 3. gr. laga segir: „Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á.“

Í 2. gr. laga segir: „Ríkisstjórn Íslands er verndari handrita og skjalagagna sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn í vörslu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettu 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971. Gögn þessi mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og er hún falin Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til varðveislu og umsjónar.“

Opinber íslensk málstefna, byggð á tillögum Íslenskrar málnefndar, var staðfest með samþykkt Alþingis 12. mars 2009. Samband stofnunarinnar við Íslenska málnefnd er náið og stendur á gömlum merg þar sem Íslensk málstöð var fram að sameiningunni 2006 skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Aðalmarkmið málstefnunnar er: „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.“ Þannig er framtíð íslenskrar tungu best tryggð.

Í menningarstefnu stjórnvalda, sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneyti 2013 í samhengi við markmiðasetningu stjórnvalda í verkefninu *Ísland 2020* segir í kafla IV Ísland í alþjóðasamhengi: „Varðveisla menningararfsins, þ.m.t. íslenskrar tungu, er mikilvæg í hnattrænu samhengi auk þess sem menningararfurinn er grunnstoð í sjálfsmynd landsmanna.“ (bls. 20) Markmiðin eru: „Við miðlun á íslenskum menningararfi verði fjölbreyttar leiðir nýttar og áhersla lögð á þátttöku, fræðslu og upplifun.“ „Gott aðgengi að íslenskri menningu og upplýsingum um hana í stafrænum miðlum er afar mikilvægt fyrir öflugt menningarlíf í samfélaginu. Til að opna enn frekari aðgang almennings að þeim fjársjóðum sem felast í listum og menningararfi okkar þarf að auka framboð á nýju stafrænu efni og færa gamalt efni í stafrænt horf.“ (bls. 24) „Menningarstofnanir standi faglega að kynningu á starfi sínu á vefnum bæði á íslensku og erlendum tungumálum“ (bls. 25)

Mannauður, skipulag og aðstaða

Skipulag Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum mótast af sögu stofnunarinnar og því að starfsemin er dreifð á margar starfsstöðvar. Sviðin eru átta og sum hver með aðeins 1-3 starfsmenn en fastir starfsmenn stofnunarinnar 1. júní 2015 voru 33 í 29,4 stöðugildum. Akademískir starfsmenn, sem eru burðarás í starfsemi stofnunarinnar, eru nú 12 (í 11,49 stöðugildum) og hefur fækkað um 9 frá árinu 2008 eða 2009 (þá hefst mannfækkunin), voru 20 2008/9, forstöðumenn (Vésteinn/Guðrún) þá ekki meðtaldir.

Mikilvægur þáttur í stefnu stofnunarinnar er að opna og bæta aðgang að söfnum sínum og gagnagrunnum. Stofnunin leitast við að veita bæði íslenskum og erlendum gestum, ekki síst stúdentum Háskóla Íslands, aðgang að rannsóknargögnum og rannsóknarbókasafni. Fækkun starfsmanna hefur komið niður á rannsóknnum og allri annarri starfsemi stofnunarinnar sem er forsenda þjónustu hennar og miðlunar til almennings og fræðasamfélagsins.

Skýr framtíðarsýn um uppbyggingu, hvað varðar þróun máltækni og miðlun á einstökum handritaarfi sem höfðar mjög til þeirra fjölmörgu gesta sem koma til landsins, er mikilvæg. Sýning á handritum er mikilvægur miðlunarvettvangur um íslenska sagna- og kvæðlist, bókmenningu, sjálfsmynd, tungutak, örnefni og um sambúð manns og náttúru í landinu frá öndverðu. Aðstaða til að sýna handrit er sem stendur óviðunandi.

Rafrænar innviðir stofnunarinnar hafa veikt mjög á síðustu árum; tæki eru orðin gömul og ekki hefur verið til nægilegt fé til að þróa nýjan hugbúnað í takt við aðrar alþjóðlegar stofnanir þannig að öryggi gagna sé tryggt. Gagnasöfn stofnunarinnar eru flest aðgengileg að einhverju marki en þau þurfa stöðugt viðhald og sum þeirra þarfnast gagnberra endurbóta og sveigjanlegri aðgangs til að unnt verði þróa þau áfram, þ.á m. meginsafn Orðabókar Háskólans (ritmálssafn) sem er í gömlum gagnagrunni og hefur ekki verið aðgengilegt til úrvinnslu og greiningar í hátt í tvo áratugi. Stofnunin er miðstöð iðorðastarfs á Íslandi og iðorðabankinn þarfnast einnig nauðsynlegra endurbóta.

Áhugi á íslensku sem öðru máli eykst stöðugt. Umsóknum um sumarnám og styrki hefur fjölgað. Þessum aukna áhuga mætti mæta með auknu kennsluframboði samhliða þróunarstarfi og rannsóknnum. Fjölmargir stunda nám í íslensku við erlenda háskóla og háskólakennslan er í blóma. Fjárveitingar til kennslu í íslensku sem öðru máli hafa dregist saman. Frá því að sú kennsla hófst á sjötta áratug síðustu aldar hefur byggst upp net sérfræðinga og háskólaprófessora um víða veröld sem hafa sótt sér menntun hingað til lands og verið óþreytandi við að miðla af reynslu sinni og þekkingu á Íslandi í sínum heimahögum. Afrakstur þessa má m.a. sjá í þeirri miklu grósku sem nú er í þýðingum íslenskra bókmennta, fornra og nýrra, í öðrum löndum.

Stofnunin hefur orðið að fresta ráðningu í tvö lögbundin störf, kennd við Árna Magnússon og Sigurð Nordal, sem efnt var til þegar stofnunin var sett á fót. Þau eru ætluð ungum og upprennandi fræðimönnum sem er lykilatriði að fá til liðs við stofnunina til að tryggja eðlilega nýliðun og samfellu í starfi hennar og rannsóknnum.

Nauðsynlegt er að einfalda skipurit stofnunarinnar, m.a. með tilliti til virkari tengsla milli fagsviða og vinna þannig á móti því óhagræði sem hlýst af því að starfsemi hennar fer nú fram á þremur stöðum. Mat stofnunarinnar er að endurskoða þurfi reglugerð um stofnunina til að gefa svigrúm til skipulagsbreytinga.

Níu árum eftir sameiningu dreifist stofnunin enn á þrjár starfsstöðvar. Mikilvægt er að fram komi tímasett framkvæmdaáætlun um Hús íslenskra fræða svo að þessi stefnumótandi áætlun standi á raunhæfum grunni.

Svið stofnunarinnar

Stjórnsýslusvið er stoðsvið og starfar þvert á önnur svið stofnunarinnar. Sviðið sér um rekstur og áætlanagerð, tæknimál, starfsmannamál, bókhald, innkaup og sölu, eftirlit með eignum stofnunarinnar, umsjón með fræðimannsíbúðum og leigu þeirra, símsvörun, dyragæslu, umsjón með vef og rafrænu fréttabréfi, ársfundi og ársskýrslu. Undir stjórnsýslusvið heyra einnig starfsmaður í ræstingum og fjórir öryggisverðir í Árnagarði (tveir í hálfu starfi) en þar er öryggisvakt utan venjulegs skrifstofutíma.

Fastir starfsmenn sviðsins eru níu.

Bókasafns- og upplýsingasvið er stoðsvið og undir það fellur rannsóknarbókasafn og skjalasafn stofnunarinnar, mynda- og filmusafn og kortasafn. Bókasafnið styður við rannsóknir á handritum, í miðaldafræði, sagnfræði, íslenskum fornbókmenntum, nafnfræði, íslenskum málvísindum, íslenskri málfræði, málrækt og þjóðfræði. Safnkosturinn er rúmlega 44.000 bókatitlar og 60 tímarit. Á lestrarsölum eru nú borð fyrir um 30 gesti en mikil eftirspurn er eftir rannsóknaraðstöðu fyrir erlenda og íslenska fræðimenn og doktorsnema á fræðasviðinu.

Einn bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á sviðinu. Stærstur hluti safnsins er í Árnagarði v/Suðurgötu en sérhæfðar safndeildir eru einnig á öðrum starfsstöðvum.

Alþjóðasvið er fagsvið og vinnur að kynningu og eflingu rannsókna á íslenskri menningu hvarvetna í heiminum. Sviðið hefur m.a. umsjón með stuðningi við kennslu í íslensku við erlenda háskóla af hálfu íslenskra stjórnvalda, sér um styrki og samskipti við erlenda náms- og fræðimenn og tekur þátt í samstarfi innan Samstarfsnefndar um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis og í NORDKURS-nefndinni. Alþjóðasvið á einnig í samstarfi við Háskóla Íslands um námskeið í íslensku og íslenskum fræðum, m.a. vefnámskeið (sbr. Icelandic Online), og rannsóknir á íslensku sem öðru og erlendu máli. Þá skipuleggur sviðið sumarnámskeið í íslensku við Háskóla Íslands sem um 100 nemar taka þátt í árlega.

Á alþjóðasviði starfa þrír sérfræðingar, þar af einn í akademískri stöðu.

Handritasvið er fagsvið og varðveitir handrit stofnunarinnar. Þar fara fram rannsóknir á handritum, undirbúningur að útgáfum, viðgerðir á handritum, ljósmyndun handrita og skráning þeirra. Handritasvið ber ábyrgð á sýningum handrita og samstarfi við innlend og erlend söfn um slíkar sýningar og heldur úti safnkennslu sem þeim tengjast. Þá stendur sviðið fyrir alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum í samvinnu við Árnasafn í Kaupmannahöfn, Landsbókasafn Íslands–Háskólabókasafn og Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Á sviðinu starfa sex akademískt ráðnir sérfræðingar auk forvarðar, ljósmyndara og safnkennara.

Málræktarsvið er fagsvið og sinnir viðfangsefnum sem lúta annars vegar að málrækt og hins vegar að sérhæfðum orðaforða. Þar fara fram rannsóknir á íslenskri málrækt og málstefnu fyrr og nú og á stöðu og þróun íslenskrar málnotkunar og málsamfélags. Starfsmenn sviðsins veita almenningi og sérfræðingum málfarsráðgjöf og leiðbeiningar um vandað mál, réttitritun,

orðmyndun, íðorðastarf o.fl., skrá nýyrði og aðstoða við útgáfu orðaskráa í sérgreinum. Undir handleiðslu og í tengslum við stofnunina vinna á hverjum tíma ýmsir sérfræðingar úr ólíkum greinum við gerð íðorðasafna í viðkomandi greinum.

Á sviðinu eru þrjú sérfræðingar, þar af tveir akademískt ráðnir.

Nafnfræðisvið er fagsvið og ber ábyrgð á eftirfarandi verkefnum á sviði örnefna: a) varðveislu, öflun og skráningu, b) rannsóknum, c) ráðgjöf og miðlun, d) samstarfi, e) útgáfu. Sviðið er illa í stakk búið að sinna verkefnum sem snúa að brýnni söfnun, skráningu og rannsóknum örnefna en kerfisbundið er unnið að miðlun með því að tölvuvæða safnið og koma því fyrir í gagnagrunnum.

Á sviðinu eru tveir sérfræðingar, þar af einn akademískur starfsmaður

Orðfræðisvið er fagsvið og sinnir rannsóknum á íslensku máli, orðaforða og málnotkun. Þar er einnig fengist við rannsóknir og hagnýt verkefni á sviði orðabókarfræði og máltækni. Áhersla er lögð á nýjungar og þróun í orðabókagerð og þróun aðferða og tóla til vélrænnar greiningar á málfræðilegum einkennum texta. Einnig gerð rafrænna málsafna af ýmu tagi. Orðfræðisvið er í leiðandi hlutverki hér á landi í þróun íslenskrar máltækni. Sviðið ber ábyrgð á varðveislu, viðhaldi, þróun og miðlun gagna í vörslu þess, bæði á pappír (seðlasöfn, handrit o.fl.) og rafænum (gagnasöfn, skrár o.fl.).

Á sviðinu eru sex sérfræðingar, þar af fjórir akademískt ráðnir.

Þjóðfræðisvið er fagsvið og heldur utan um upptökusafn stofnunarinnar á hljóði og myndum. Upptökusafn Árnastofnunar með þjóðfræðiefni er einstakt á Íslandi. Umsýsla hljóðsafnsins felst í skráningu, afritun, miðlun af ýmsu tagi, rannsóknum og útgáfu. Þá er stöðugt unnið að söfnun nýs efnis, hin síðari ár einkum í samvinnu við þjóðfræðinema við Háskóla Íslands.

Á sviðinu starfa tveir akademískt ráðnir sérfræðingar.

Rekstrargrunnur

Rekstrargrunnur stofnunarinnar samanstendur af fjárlagafé og sértekjum. Af rekstrargrunni fara 85% í launakostnað en 15% nýtast í almennan rekstur og verkefni. Sértekjur eru að stórum hluta styrkfé vegna rannsókna, ýmist vegna rannsóknarverkefna á vegum stofnunarinnar eða rannsókna nýðkorta eða annarra fræðimanna með vinnuástöðu á stofnuninni. Á árunum 2011–2014 nam framlag af fjárlögum til stofnunarinnar á bilinu 75–79% af rekstrargrunni en sértekjur voru á bilinu 21–25% af rekstrargrunni hennar á sama tíma. Hagræðingarkrafa stjórnvalda hefur verið á bilinu 1–8,5% á ári á síðustu átta árum. Rekstur stofnunarinnar hefur dregist saman um ríflega fjórðung á þeim tíma.

3. Framtíðarsýn og stefna

Gildi

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum starfar í anda eftirfarandi gilda:

Þjónusta

- Leitast við að tryggja gott aðgengi að gögnum.
- Tekur vel á móti fólki (fræðimönnum, stúdentum og almenningi).
- Stuðlar að miklu og góðu samstarfi innanlands og utan.

Traust

- Tryggir öryggi í vörslu safnkosts.
- Hýsir traustar og metnaðarfullar alþjóðlegar rannsóknir.
- Veitir trausta ráðgjöf og upplýsingar byggðar á áreiðanlegri þekkingu.

Framsækni

- Þróar nýjar aðferðir í úrvinnslu, greiningu og birtingu frumgagna.
- Sýnir frumkvæði í rannsóknum.
- Beitir nýjustu aðferðum og tækni við miðlun þekkingar og upplýsinga.

Samhengi

- Varðveitir heimildir frá fyrri tíð, aftar gagna um samtímann og skilar áfram til framtíðar.
- Tengir fortíð og samtíð í rannsóknum og varðveitir rannsóknarhefð.
- Setur íslenskt mál og menningu í samhengi við umheiminn.

Hlutverk

Stofnun Árna Magnússonar er alþjóðleg rannsóknarmiðstöð í íslenskum fræðum.

- Hún varðveitir einstakt safn íslenskra miðaldahandrita, etc. ÚB (sameina næsta).
- Hún aftar frumheimilda um íslenskt mál, orðaforða, nafnaforða og þjóðfræði og varðveitir málsöfn, örnefnasafn og hljóðrit.
- Hún stendur fyrir rannsóknum í íslenskum fræðum.
- Hún miðlar þekkingu á íslensku máli og menningu.
- Hún þjónar fræðasamfélagi og almenningi.

Framtíðarsýn

- Stofnunin er vel kynnt af verkum sínum og í fremstu röð á sínum fræðasviðum.
- Á stofnuninni starfar vel menntað og víðsýnt starfsfólk á öllum aldri og þar ríkir góður starfsandi.
- Stofnunin á virkt samstarf við fræðimenn, háskóla og stofnanir innan lands og utan.
- Öll starfsemi stofnunarinnar er sameinuð í nýju húsi með stórbættri aðstöðu fyrir fræðimenn og almenning og nýrri handritasýningu.

Markmið

Meginmarkmið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru fimm:

Traust miðstöð íslenskra fræða

Öflug miðlun þekkingar

Trygg varðveisla gagna

Íslenska til alls

Aukin nýsköpun og þekking

Undirmerkið

1.1 Að auka rannsóknir og útgáfuvirkni um 10% fyrir árslok 2018.

1.2 Að fjölga samstarfsverkefnum um 10% fyrir árslok 2018.

1.3 Að koma húsnæðismálum stofnunarinnar í viðunandi farveg fyrir árslok 2017.

2.1 Að fjölga heimsóknum á heimsíðu og gagnasöfn um 30% fyrir árslok 2018.

2.2 Að auka virkni stofnunarinnar (fyrirlestrar, málstofur, námskeið, fundir, ráðstefnur, sýningar) um 20% fyrir árslok 2018.

2.3 Að auka hlutfall gagna á rafrænu formi um 30% fyrir árslok 2018.

3.1 Að hýsa öll gögn á sama stað eigi síðar en í árslok 2018.

3.2 Að ljúka skipulegri skráningu allra rannsóknar- og frumgagna fyrir árslok 2017 ásamt því að semja viðeigandi öryggisreglur.

3.3 Að ganga frá innviðum rafrænna gagnasafna og tryggja viðhald og forvörslu handrita eigi síðar en í árslok 2017.

4.1 Að auka áherslu á verkefni sem varða íslenskt mál og orðaforða, með fjölgun verkefna um 20% fyrir árslok 2017.

4.2 Að fjölga notendum Icelandic Online vefgáttarinnar um 20% fyrir árslok 2018.

4.3 Að fjölga nemendum í sumarskóla SÁM í íslensku máli og menningu um 20% fyrir árslok 2018.

5.1 Að fjölga háskólastúdentum í verkefnavinnu hjá stofnuninni um 30% fyrir árslok 2018.

5.2 Að fjölga umsóknum í innlenda og alþjóðlega samkeppnissjóði til rannsóknar- og þróunarverkefna um 20% fyrir árslok 2018.

5.3 Að manna tvær rannsóknarstöður, kenndar við Árna Magnússon og Sigurð Nordal, fyrir árslok 2017.

Verkefni

Skylduverkefni

Skylduverkefni stofnunarinnar ganga þvert á fagsvið hennar. Fagsvið stofnunarinnar/hennar eru öll lögbundin. Skylduverkefni stofnunarinnar eru eftirfarandi:

Varðveisla, öflun og skráning

Varðveisla, öflun, skráning og úrvinnsla mikilvægra frumgagna og afrita, svo sem:

- handrita
- skjala
- hljóðritana
- orðasafna
- örnefnasafna

- ljósmynda, rannsóknargagna o.fl.

Stofnunin safnar:

- þjóðfræðum
- heimildum um íslenskan orðaforða
- heimildum um nafnaforða.

Stofnunin ábyrgist öryggi, afritun og forvörslu efnisins.

Rannsóknir

Stofnunin vinnur að rannsóknum á:

- einkennum, sögu, texta og efni handrita
- þjóðfræðafni
- sögulegum heimildum
- íslensku máli og málnotkun að fornu og nýju
- íslenskum orðaforða og orðabókum
- íslenskum nafnaforða og sögu hans
- íslenskri menningu að fornu og nýju.

Stofnunin fæst við og styður:

- máltækniverkefni
- orðabókarverkefni
- íðorðafræðileg verkefni
- rannsóknir í annarsmálsfræðum.

Ráðgjöf og miðlun þekkingar

- Stofnunin miðlar þekkingu á íslensku máli, orðaforða og málnotkun.
- Málfráðgjöf og leiðbeiningar stofnunarinnar miða að eflingu og varðveislu íslenskrar tungu í ræðu og riti.
- Stofnunin veitir aðgang að því efni sem hún varðveitir, m.a. með því að starfrækja opna gagnagrunna.

Samstarf, kynningar- og kennslumál

Stofnunin

- Stofnunin kynnir íslenska menningu heima og erlendis
- Stofnunin beitir sér fyrir umræðu um stöðu íslenskrar menningar, m.a. með sýningum á gögnum stofnunarinnar, ráðstefnum, námskeiðum, fundum og fyrirlestrum.
- Stofnunin starfar að eflingu kennslu í íslensku sem erlendu máli innan lands og utan og kennslu þeirra sem eiga sér íslensku sem annað mál.
- Stofnunin sér um sendikennslu erlendis, skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, og aflar og miðlar gögnum um kennslu og rannsóknir tengdar íslenskri menningu.
- Stofnunin á samstarf við íslenskar og erlendar stofnanir sem geyma íslensk frumgögn og við hliðstæðar rannsóknarstofnanir og háskóla innan lands og utan.
- Stofnunin tekur þátt í samstarfi fræðimanna á fagsviðum sínum.
- Stofnunin leiðbeinir og starfar m.a. með þeim sem vinna að íðorðasöfnum og orðabókargerð og þeim sem sinna viðhaldi og uppfærslu landfræðilegs gagnagrunns að því er varðar birtingu örnefna og að örnefnavernd.

Útgáfa

Stofnunin gefur út í prentaðri og rafrænni mynd:

- fræðirit
- texta eftir handritum
- þjóðfræðafni
- orðabækur
- nafnabækur
- annað efni sem tengist starfsemi stofnunarinnar.

Bókasafn

- Stofnunin starfrækir safn bóka og annarra upplýsingagagna á fræðasviði sínu til stuðnings rannsóknar- og miðlunarhlutverki sínu.
- Sérstök áhersla er lögð á að afla bóka sem ekki eru til í öðrum söfnum hér á landi auk afrita af frumgögnum í innlendum og erlendum söfnum.

Önnur lögbundin þjónusta

- Stofnunin er skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Henni ber að sjá Íslenskri málnefnd fyrir fundaraðstöðu, fundarritara, veita henni almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti.
- Stofnunin er skrifstofa örnefnanefndar. Stofnuninni ber að sjá nefndinni fyrir fundaraðstöðu, fundarritara, veita henni almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti.
- Stofnunin er skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál.

Önnur verkefni

Fara yfir verkefni og áætlunina – hvað á heima hér

Öskjun handrita, þ.e. að búin verði til viðeigandi askja fyrir hvert handrit. Þetta er verkefni sem forvörður undirbýr núna.

við flutning í Hús íslenskra fræða

1. Trygg varðveisla gagna

Undirmarkmið:

3.1 Að tryggja að öll gögn séu hýst á sama stað fyrir árslok 2018.

Mælikvarði: Já/nei.

Grunnlína: Á það við, þarf að taka fram hér að þau eru dreifð.

3.2 Að tryggja að í árslok 2017 séu öll rannsóknar- og frumgögn skipulega skráð og öryggisreglur um þau verði skýrar.

Mælikvarði: Já/nei.

Grunnlína: hvornig er staðan nú – þarf stutta samantekt.

3.3 Að í árslok 2017 séu innviðir rafrænna gagnasafna fullbúnir og aðbúnaður og forvarsla handrita tryggð.

Mælikvarði: Já/nei.

Aðgerðir:

1. Að tryggja fyrir árslok 2018 að öll frumgögn séu varðveitt við góðar aðstæður, öryggis þeirra sé gætt og þau séu aðgengileg.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, forvörður, bókasafnsfræðingur, stjórnsýslusvið.
 - c. Samstarfsaðilar: Innlend og erlend söfn, rannsóknarstofnanir o.fl.
 - d. Kostnaður: 7-800 þús.kr. áætluð í verkefnið.
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018.
 - f. Lýsing: Miðað skal við reglur Þjóðskjalasafns og alþjóðleg viðmið, m.a. um öryggisgæslu safna og rannsóknarstofnana.

2. Að búa svo um fyrir árslok 2018 að rafræn gögn séu hýst á aðgengilegu formi í nýju tölvukerfi.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Stjórnsýslusvið.
 - c. Samstarfsaðilar: Reiknistofnun HÍ, innlend og erlend varðveislusöfn, forritarar o.fl.
 - d. Kostnaður: 500 þús.kr. áætluð í verkefnið.
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018.
 - f. Lýsing: Bæta þarf stoðþjónustu og tækjakost, koma upp gagnagrunni fyrir verkefni og rafræn gögn. Mörkuð verði lénastefna fyrir gagnasöfn SÁM.

3. Að endurskoða öryggisreglur og skilgreina umsjón og ábyrgð gagna.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, stjórnsýslusvið.
 - c. Samstarfsaðilar: Sérfræðingar í öryggismálum, Reiknistofnun HÍ.
 - d. Kostnaður: Óverulegur beinn kostnaður. (skv. hópi 3)
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2016, endurskoðun á tveggja ára fresti.
 - f. Lýsing: Semja þarf reglur um þau gagnasöfn sem engar reglur eru til um nú, endurskoða núverandi reglur og kynna sér reglur annarra safna, s.s. reglur Þjóðskjalasafns og alþjóðleg viðmið. Öll gögn, sem stofnunin varðveitir, skulu flokkuð eftir því hvað heyrir saman út frá varðveislusjónarmiði. Sum verkefni eru þess eðlis að líklegast er að gögn þeirra verði sérstakur flokkur. Forstöðumaður tilnefni umsjónarmenn gagna úr hópi starfsmanna í samráði við sviðstjóra.

4. Að koma upp rafrænni skrá yfir öll frumgögn, eftirmyndir, gagnagrunna og rannsóknargögn á innri vef stofnunarinnar.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, stjórnsýslusvið, starfshópur.
 - c. Samstarfsaðilar: HÍ, aðrar rannsóknarstofnanir og söfn, forritarar o.fl.
 - d. Kostnaður: Gerð gagnagrunns og innri vefs, áætlun 800 þús.kr.
 - e. Tímabil: Fyrsta hluta lokið fyrir árslok 2016, uppfært árlega samhliða ársmati.
 - f. Lýsing: Forstöðumaður feli starfshópi að safna þeim grunnupplýsingum sem þegar eru til, uppfæra þær og skrá í til þess gerðan gagnagrunn. Jafnhliða verði tekið upp eyðublað um verkefna- og gagnaskráningu. Uppsetningu gagnagrunns og fyrstu skráningu sé lokið fyrir áramót 2016. Eftirfylgni og uppfærsla skrárinnar verði a.m.k. árlega, t.d. um leið og gögnum er skilað til árs mats. Skráin verði birt á innri vef stofnunarinnar.

5. Að byggja upp innviði, skilgreina gögn og verkferla, þjálfa starfsfólk og semja handbækur um rafræn gögn á innri vef.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, stjórnsýslusvið.

- c. Samstarfsaðilar: Reiknistofnun HÍ, Þjóðskjalasafn, Landsbókasafn-Háskólabókasafn, forritarar o.fl.
 - d. Kostnaður: áætlaður 1 m.kr.
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018.
 - f. Lýsing: Skilgreint hvernig innviði þarf fyrir mismunandi gögn og hvar þau skuli vistuð (í skráakerfi eða gagnagrunnum). Skráðar upplýsingar um öll gagnasett á innri vef sem verður settur upp með leitarbærum gagnagrunni og aðgengilegur þeim starfsmönnum sem gætu nýtt sér gögnin. Útbúið handbók um meðferð og skráningu mismunandi gagna, regluleg skráning nýrra gagna hafin og afritun allra rafræna gagna tryggð. (**frá hópi 5**: Setja fastar verklagsreglur um skráningu og frágang gagna og skráningu á stöðu verkefna; gera ráð fyrir tíma til slíkrar skráningar í verkáætlunum; koma upp viðmóti sem gerir skráninguna sem einfaldasta; fylgja reglunum eftir. – Handbókarhluti verksins)
6. Að koma á reglubundnu eftirliti með öllum skráðum gögnum stofnunarinnar og gera úttekt á þeim fyrir árslok 2017.
- a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, stjórnsýslusvið.
 - c. Samstarfsaðilar: Reiknistofnun, önnur söfn og rannsóknarstofnanir, forritarar.
 - d. Kostnaður: Talsverður og eftirlit enn fremur tímafrekt. (skv. hópi 3) áætlun 500 þús.kr.
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018.
 - f. Lýsing: Eftirlit fer eftir eðli gagna, á 1-5 ára fresti, og viðhald og forvarsla eftir ástandi þeirra við eftirlit.

samtala viðbótarkostnaðar 3,6 m.kr
 þar af átak í að tryggja vörslu frumgagna og rafræna gagna f. 2018, 1,3 m.kr
 verkefnabundið við rafræna skráningu allra gagna og gerð innri vefs f. árslok 2016, 800 þús.kr.
 verkefnabundið til uppbyggingar innviða og innleiðingar handbókar f. árslok 2018, 1 m.kr.
 úttekt á gögnum stofnunarinnar f. 2017, reglubundið eftirlit og viðhald 500 þús.kr. á ársgrundvelli

4. Íslenska til alls

Undirmarkmið:

- 4.1 Að auka áherslu á verkefni sem varða íslenskt mál og orðaforða, með fjölgun verkefna um 20% fyrir árslok 2017.

Mælikvarði: Ársskýrsla SÁM.

Grunnlína: Fjöldi og umfang rannsóknarverkefna á sviðinu og birtingar á íslensku, fjöldi iðordasafna og -nefnda.

- 4.2 Að fjölga notendum Icelandic Online vefgáttarinnar um 20% fyrir árslok 2018.

Mælikvarði: Ársskýrsla SÁM.

Grunnlína: talning?

- 4.3 Að fjölga nemendum í sumarskóla SÁM í íslensku máli og menningu um 20% fyrir árslok 2018.

Mælikvarði: Ársskýrsla SÁM.

Grunnlína: um 100 nemar árlega, fjögur námskeið.

Aðgerðir:

1. Að taka virkan þátt í þróun máltækni í tengslum við hagnýt og fræðileg verkefni stofnunarinnar.

a. Ábyrgð: Sviðstjórar orðfræði- og málræktarsviða/forstöðumaður.

b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, stjórnsýslusvið.

c. Samstarfsaðilar: HÍ, HR, Almennarómur, hugbúnaðarsérfræðingar o.fl.

- d. Kostnaður: $2 \times 1,5 \text{ starfsmaður á ári} = 10,8 \text{ m.kr.} \times 3 = 32,4 \text{ m.kr. á ársgrundvelli}$ (meistarapróf, launatengd gjöld og overhead innifalið)
- e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018, endurskoðun á 3-5 ára fresti.
- f. Lýsing: Áframhaldandi öflun og vinnsla rafrænna gagnasafna, einkum um nútímaíslensku, og samvinna við aðra sérfræðinga til að stuðla að þróun máltækni.
2. Að vinna að fleiri orðasöfnum í sérgreinum í íðorðabanka stofnunarinnar í samvinnu við sérfræðinga utan stofnunar.
- a. Ábyrgð: Málræktarsvið/forstöðumaður.
- b. Framkvæmdaraðili: Málræktarsvið, stjórnarsýslusvið.
- c. Samstarfsaðilar: Íðorðanefndir, sérfræðingar í HÍ, aðrir sérfræðingar, stofnanir og fyrirtæki.
- d. Kostnaður: $1,5 \text{ starfsmaður á ári (skv. hópi 4)} = 1,5 \times 10,8 \text{ m.kr.} = 16,2 \text{ m.kr. á ársgrundvelli}$ (meistarapróf, launatengd gjöld og overhead innifalið).
- e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018, endurskoðun á 3-5 ára fresti.
3. Samdar verði Að semja sérhæfðar viðbætur við vefkennsluefnið *Icelandic Online*.
- a. Ábyrgð: Alþjóðasvið/forstöðumaður.
- b. Framkvæmdaraðili: Alþjóðasvið, stjórnarsýslusvið.
- c. Samstarfsaðilar: Íslensku- og menningardeild HÍ, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, aðrir fræðimenn, forritarar o.fl.
- d. Kostnaður: Styrkir.
- e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2016, endurskoðun á 3-5 ára fresti.
- f. Lýsing: Viðbætur verði byggðar á fræðilegum grunni og henti ólíkum samfélagshópum, t.a.m. innflytjendum á Íslandi í mismunandi starfsstéttum.
4. Að bjóða erlendum stúdentum og fræðimönnum fleiri námskeið í íslensku máli og menningu.
- a. Ábyrgð: Alþjóðasvið/forstöðumaður.
- b. Framkvæmdaraðili: Alþjóðasvið, stjórnarsýslusvið.
- c. Samstarfsaðilar: HÍ, Nordkurs, Minnesota-háskóli, Þjóðræknifélagið o.fl.
- d. Kostnaður: m.v. að viðbótarnámskeið kosti um 1,2 m.kr.
- e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2016, endurskoðun á 3-5 ára fresti.
- f. Lýsing: Íslenskunámskeið hérlendis og erlendis efla og stækka íslenskt málsamfélag í víðu samhengi. Erlendir stúdentar, kennarar og fræðimenn sem læra íslensku, eiga oft eftir að breiða út þekkingu og áhuga á íslensku, stunda þýðingar á íslenskum bókmenntum o.s.frv.
5. Að auka íslenskukennsla erlendis og bæta þjónustu við kennara og nemendur í íslensku sem öðru máli fyrir árslok 2018 og efla námsstyrki á því sviði.
- a. Ábyrgð: Alþjóðasvið/forstöðumaður.
- b. Framkvæmdaraðili: Alþjóðasvið, stjórnarsýslusvið.
- c. Samstarfsaðilar: Erlendir háskólar, mennta- og menningarmálaráðuneyti o.fl.
- d. Kostnaður: m.v. aukningu 4,4 m.kr. (námsstyrkjum þá fjölgað úr 16 í 20 – en athuga nánar aukinn stuðning við íslenskukennslu erlendis)
- e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018, endurskoðun á 3-5 ára fresti.

samtala viðbótarkostnaðar 54,2 m.kr.
á sviði máltækni, laun þriggja starfsmanna 32,4 m.kr. á ársgrundvelli
við íðorðasmíð og –vinnu, laun 1,5 starfsmanns 16,2 m.kr. á ársgrundvelli
fjölgu námskeiða f. erlenda stúdenta, 1,2 m.kr. á ársgrundvelli

5. Aukin nýsköpun og þekking

Undirmarkmið:

5.1 Að fjölga háskólastúdentum í verkefnavinnu hjá stofnuninni um 30% fyrir árslok 2018.

Mælikvarði: Ársskýrsla SÁM.

Grunnlína: hversu margir eru þeir nú á ársgrundvelli.

5.2 Að fjölga umsóknum í innlenda og alþjóðlega samkeppnissjóði til rannsóknar- og þróunarverkefna um 20% fyrir árslok 2018.

Mælikvarði: Ársskýrsla SÁM.

Grunnlína: Hver er meðalfjöldi umsókna á ársgrundvelli – finna raunhæft hlutfall aukningar.

5.3 Að manna tvær rannsóknarstöður, kenndar við Árna Magnússon og Sigurð Nordal, fyrir árslok 2017.

kostnaður 2x laun rannsóknarlektors = 2 x 11,6 m.kr. = 23,2 m.kr. á ári (m.v. doktorspróf, launatengd gjöld og overhead, m.v. launafl. 13-2).

Mælikvarði: Ársskýrsla SÁM.

Aðgerðir:

- Að auglýsa styrki vegna lokaritgerða sem byggðar eru á gögnum stofnunarinnar.
 - Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - Framkvæmdaraðili: Sviðstjórar, stjórnslusvið.
 - Samstarfsaðilar: HÍ, o.fl.
 - Kostnaður: 4 x 500 þús.kr. námsstyrkir (hópur 1) = 2 m.kr. á ári
 - Tímabil: Á ársgrundvelli.
 - Lýsing: Mikilvægt er að viðhalda áhuga og rannsóknnum stúdenta á gögnum stofnunarinnar. Auglýstir verði hóflegir styrki til lokaritgerða og samstarf við viðeigandi háskóladeildir eftt, sem og kynning á sérfræðiþekkingu og efnivið á stofnuninni og á áhugaverðum viðfangsefnum sem gætu hentað í lokaverkefni. Útbúinn listi yfir rannsóknarverkefni sem gætu hentað í BA- eða MA-ritgerðir og komið upp vinnuástöðu fyrir stúdenta í lokaverkefnum, stúdenta sem vinna lokaverkefni á stofnuninni og/eða undir handleiðslu sérfræðinga þar.
- Að bjóða námsfólki almenna sumarvinnu á sem flestum fræðasviðum stofnunarinnar.
 - Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - Framkvæmdaraðili: Sviðstjórar, stjórnslusvið.
 - Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands o.fl.
 - Kostnaður: Laun 6 stúdenta yfir sumartímamann, 7,5 m.kr. á ári (og/eða styrkir, m.v. 25% overhead).
 - Tímabil: Á ársgrundvelli.
 - Lýsing: Stúdentar verði ráðnir í sumarvinnu til afmarkaðra verkefna, bæði fyrir styrkfé og á kostnað stofnunarinnar. Um er að ræða mikilvægan lið í þjálfun ungs vísindafólks.
- Að ráða aðstoðarfólk við rannsóknar- og þróunarverkefni samhliða námi.
 - Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - Framkvæmdaraðili: Sviðstjórar, húsping, stjórnslusvið.
 - Samstarfsaðilar: HÍ, samkeppnissjóðir, styrktarsjóðir, o.fl.
 - Kostnaður: Styrkir.

- e. Tímabil: áÁ ársgrundvelli.
 - f. Lýsing: Bæta þarf aðstöðu og tekjabúnað; koma upp tímabundnum námsstöðum í tengslum við langtímaverkefni stofnunarinnar. (s.s. rafræna skráningu handrita, þjóðfræðafnis, örnefna, textasafna – sgg)
4. Að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun með umsóknum í innlenda og alþjóðlega samkeppnissjóði.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, stjórnsýslusvið.
 - c. Samstarfsaðilar: Háskólar, rannsóknarstofnanir, fræðimenn o.fl.
 - d. Kostnaður: Innan marka.
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2016.
 - f. Lýsing: Fyrri verkefni og samstarf við aðrar stofnanir, einkum erlendar, verði nýtt til að búa til öflugar umsóknir í erlenda samkeppnissjóði.
 5. Að móta rannsóknaráætlanir (-áherslur) á hverju fræðasviði til næstu 3-5 ára.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Húsping.
 - c. Samstarfsaðilar: Háskólar, rannsóknarstofnanir, fræðimenn o.fl.
 - d. Kostnaður: Innan marka.
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2016.
 - f. Lýsing: Starfsmenn komi sér saman um og samþykki áherslur fyrir tímabilið og geri áætlanir sem miða að því að tryggja samfellu í rannsóknum, þróunarstarfi og langtímaverkefnum. Áætlanir má tengja við umsóknir í samkeppnissjóði. Skipuleggja þarf verkefni í raunhæfum og skýrt afmörkuðum áföngum og ljúka þeim á viðunandi hátt (með skýrslu og skráningu á gögnum og upplýsingum um þau o.s.frv. í samræmi við verklagsreglur, sjá lið 3, aðgerð 5).
 6. Að auka yfirsýn um rannsóknir á stofnuninni, samstarf og samstarfskosti, styrkjamöguleika og umsóknir í rannsóknarsjóði. (verkefnastjórnunaförri, s.s. Basecamp)
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Sviðin, stjórnsýslusvið.
 - c. Samstarfsaðilar: Háskólar, rannsóknarstofnanir, rannsóknarþjónusta, Rannís.
 - d. Kostnaður: Innan marka.
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018.
 - f. Lýsing: Árið 2018 liggi fyrir verklagsreglur um verkefni frá og með 2015, yfirlit yfir og grunnskráning á gögnum úr eldri verkefnum, og aðgengilegar skýrslur um framvindu og lok verkefna. Að sama skapi séu til grundvallarupplýsingar um langtímaverkerkefni og stöðu þeirra, tiltæk gögn, aðferðir o.s.frv., auk áætlana um næsta áfanga, markmið, verklýsingar, tímaáætlun o.s.frv. Taka skal saman upplýsingar um styrkjamöguleika og uppfæra þær reglulega; miðla upplýsingum um umsóknarfresti til starfsfólks; halda til haga upplýsingum um umsóknir sem eru í bígerð eða vinnslu og miðla þeim til starfsfólks.
 7. Að koma á fót stöðu rannsóknarstjóra í hálfu starfi fyrir árslok 2018.
 - a. Ábyrgð: Sviðstjórar/forstöðumaður.
 - b. Framkvæmdaraðili: Húsping, stjórnsýslusvið.
 - c. Samstarfsaðilar: HÍ, ráðuneyti, o.fl.
 - d. Kostnaður: áætluð 5,4 m.kr. á ári (m.v. meistarapróf, launatengd gjöld og overhead)
 - e. Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018, endurtekið á ársgrundvelli.
 - f. Lýsing: Rannsóknarstjóri taki saman og birti reglulega yfirlit yfir styrkjamöguleika; hvetji starfsfólk til að nýta sér þá, helst með samstarfi innan og/eða utan stofnunar, og gefi kost á stuðningi við gerð umsókna. Hafa skal samráð um umsóknir til að forðast óheppilega

innbyrðis samkeppni milli verkefna og miða umsóknir við rannsóknaráætlanir á hverjum tíma. Vinna skal markvisst að undirbúningi stórra rannsóknarverkefna, efla samstarf við einstaklinga og stofnanir í sambandi við slík verkefni.

samtala viðbótarkostnaðar 38,1 m.kr.
2x laun rannsóknarlektors $\equiv 2 \times 11,6$ m.kr. $\equiv 23,2$ m.kr. á ársgrundvelli
styrkir v. lokaverkefna stúdenta úr gögnum stofnunarinnar, 2 m.kr. á ársgrundvelli
sumarlaun 6 stúdenta, 7,5 m.kr. á ársgrundvelli
laun rannsóknarstjóra í hálfu starfi, f. árslok 2018, 5,4 m.kr. á ársgrundvelli

Samtals heildarkostnaður við framkvæmd x margra verkefna á x löngum tíma
samtala núverandi kostnaðarliða 114.750.000 kr.
þar af í tímabundin verkefni, 8.100.000 kr.
þar af á ársgrundvelli, 106.650.000 kr.

5. Framkvæmd, mat og eftirlit

15-30 línur almennt um framkvæmd,

15-30 línur um mat og eftirlit